



# Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: [www.bb.is](http://www.bb.is) · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110023513

Fimmtudagur

19. maí 2011  
20. tbl. · 28. árg.



Vantar þig íbúð  
til leigu?

Hafðu samband!  
sími: 456 6600



N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI  
Sími: 456 3995  
Opíð: MÁN.-FÖS. 7-17



## Fer sínar eigin leiðir

„Kröfurnar að heiman voru þær að ganga menntavegin og verða virðulegur lögfræðingur, prestur eða læknir,“ segir Guðbrandur Baldursson, prestssonurinn úr Vatnsfirði í Djúpi, sem hefur þó fetað heldur óhefðbundna slóð. Á miðopnu í dag segir hann frá starfinu sem förðunarfræðingur, árunum í skólanum að Reykjanesi, sem hann segir hafa verið notaðan sem einhvers konar upptökuheimili og endurkomunni til Ísafjarðar.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINNI  
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| [www.flytjandi.is](http://www.flytjandi.is) | sími 525 7890 |

**EIMSKIP**  
Flytjandi

# Aldrei fleiri Vestfirðingar í háskólanámi

Samtals lögðu 316 Vestfirðingar stund á háskólanám haustið 2010 og hafa aldrei fleiri Vestfirðingar verið skráðir í háskóla en nú. Þetta kemur fram í nýbirtum tölum Hagstofu Íslands um fjölda nýnema á háskólastigi og doktorsstigi, en Hagstofan heldur einnig utan um um skólasókn á háskólastigi eftir lögheimili. Fjöldi vestfirskra háskólanema

hefur nær tvöfaldast síðastliðinn áratug en árið 2000 voru 175 Vestfirðingar skráðir í háskólanám. Háskólanemum hefur svo fjölgað ár frá ári allan áratuginn.

Hlutfall ungmenna á aldrinum 19-29 ára í háskólanámi hefur sömuleiðis hækkað mikið á liðnum áratug. Árið 2000 sóttu tæp 8% vestfirskra ungmenna háskóla en á síðasta ári var hlutfallið

tæp 18%. Nokkuð færri Vestfirðingar eru þó í háskóla í samanburði við landið í heild, en 23% íslenskra ungmenna á aldrinum 19-29 ára eru skráðir í háskólanám. Munurinn hefur þó minnkað á undanförunum árum því að fyrir áratug voru Vestfirðingar í háskólanámi hlutfallslega helmingi færri en landsmeðaltalið.

Síðastliðinn áratug hefur há-

skólanemum sem eru eldri en 40 ára einnig fjölgað umtalsvert. Þannig voru 38 manns 40 ára og eldri skráðir í háskóla árið 2000. Í fyrra voru þeir hins vegar 75 talsins.

Vestfirskir nýnemar í háskólanám landsins voru 84 síðastliðinn haust. Langstærsti hluti þeirra lagði stund á fræðilegt háskólanám, eða 82 nýnemar, á meðan einungis tveir voru skráðir í

starfsmiðað háskólanám. Raunvísindi, stærðfræði og tölvunarfræði voru vinsælasta fræðilega háskólanámið hjá vestfirskum nýnemum, en 30 þeirra lögðu stund á raunvísindi. 16 eru skráðir í nám í félagsvísindum, viðskipti og lögfræði, 12 í nám tengt heilbrigði og velferð, 8 eru í námi í hugvísindum og listum og 8 leggja stund á kennaranám.

## Níutíu ár frá fæðingu Ruthar Tryggvason

Heiðursborgari Ísafjarðarbæjar, Ruth Tryggvason, hefði orðið níur á mánudag. Af því tilefni var mikið um að vera í Gamla Bakarínu á Ísafirði. Á sunnudag var opnuð sýning á myndum Árna Aðalbjarnarsonar til heiðurs móður hans, bæði ljósmyndir sem hann hefur tekið í gegnum tíðina af kjarnafólki á Ísafirði og eins myndir sem hann hefur látið

teikna og mála fyrir sig. Við opnun sýningarinnar mætti það fólk sem er viðfangsefni myndanna og átti saman góða stund í Gamla bakarínu. Á mánudag komu leikskólabörn frá Sólborg og Eyrarskjóli saman á Silfurtorgi og sungu við undirspil Bryndísar Friðgeirsdóttur á gítar. „Mamma átti eina ósk en það var að syngja með leikskólabörnum á þessum



Leikskólabörn sungu til heiðurs Ruth við undirleik Bryndísar Friðgeirsdóttur.

degi,“ segir María Aðalbjarnardóttir, dóttir Ruthar.

„Hún hefur alltaf hlýjar tilfinningar til barna en hún var einn af stofnendum dagheimilis á sínum tíma á loftinu í gamla Gúttó, sem nú er H-Prent og í Skátaheimilinu. Leikskólabörn hafa mikið komið hingað niður eftir til okkar

og hún hefur oft sent þeim kringlur og gaukað einhverju góðgæti að börnum í bænum eins og flestir þekkjja.“ María segir að söngur barnanna hafi verið yndislegur. „Þau komu hingað og létu ósk hennar rætast og rétt áður en rétt áður en söngurinn hófst opnaðist allt í einu himininn og sólin skein

í gegn.“

Þá var gestum og gangandi boðið upp á kaffi, kransakökutoppa og kringlur og komu margir við og vottuðu Ruth virðingu sína. Þess má geta að sýningin á myndum Árna verður opin eitt-hvað fram eftir sumri.

– *thelma@bb.is*



ÍSAFJARÐARBÆR

### LEIKSKÓLASTJÓRI Á EYRARSKJÓLI

Auglýst er eftir leikskólastjóra við leikskólann Eyrarskjól. Staðan er laus frá og með 1. ágúst 2011. Eyrarskjól er þriggja deilda skóli með börn á aldrinum 1-6 ára og vinnur samkvæmt Hjallastefnunni. Nánari upplýsingar um leikskólann er að finna á heimasíðu leikskólans <http://www.leikskolinn.is/eyrarskjol>.

#### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Vera faglegur leiðtogi leikskólans, hafa yfirumsjón með daglegu starfi í leikskólanum, skipuleggja foreldrastarf, stýra rekstri skólans á grundvelli fjárhagsáætlunar, bera ábyrgð á starfsmannamálum og skipuleggja tengsl skólans við aðila utan hans.

#### Hæfniskröfur:

- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Þekking á rekstri.
- Góð tölvukunnátta.
- Lipurð og sveigjanleiki í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til 2. júní 2011.

Umsóknir skulu berast til Margrétar Geirsdóttur, sviðsstjóra Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Sviðsstjóri veitir nánari upplýsingar í síma 450 8000 eða á netfanginu [margret@isafjordur.is](mailto:margret@isafjordur.is).

## Námskeið um rétta aflameðferð um borð í smábátum

Landssamband smábátæigenda og Mátis efna til námskeiða um bættu aflameðferð. Þar munu sérfræðingar Mátis halda fyrirlestra um meðferð afla, hvernig skuli umgangast hann þannig að sem hæst verð fáið við sölu hans og neytendur verði ánægðir með gæðin.

Afli smábáta er eitt ferskasta hráefni sem völ er á en til að tryggja enn betur að fiskvinnslan og neytendur fái sem bestan fisk í hendurnar er mikilvægt að smábátasjómenn þekki vel hvaða þættir hafa helst áhrif á gæðin.


Námskeiðin eru öllum opin og er þátttaka gjaldfrjál. Hvert námskeið tekur 2-3 klst.

#### Næstu námskeið:

Patreksfjörður, miðvikudaginn 25. maí kl 20:00 í Sjóráningjahúsinu  
Ísafjörður, fimmtudaginn 26. maí kl 20:00 á Hótel Ísafirði  
Dranganes, mánudaginn 30. maí kl. 20:00 á Malarkaffi

*LS hvetur félagsmenn sína til að nýta sér þetta tækifæri og auka þannig þekkingu sína á þessu sviði!*

[www.matis.is](http://www.matis.is)



# Iðnnám ... nema hvað?

Iðnaðurinn óskar eftir vel menntuðu fólki til starfa.  
Verk- og tækninám er skynsamlegt og gefur fjölbreytt tækifæri.

Kíktu á NÁM OG STÖRF á [idan.is](http://idan.is)

*Mótum eigin framtíð – Núna er rétti tíminn!*



Samtök iðnaðarins

# Í hlutverk hótelstjóra

Ársæll Níelsson hefur verið áberandi í vestfirsku leiklistarlífi á síðustu misserum. Hann hefur tekið að sér fjölda hlutverka, leikstýrt Morra og nú síðast leikið í netleikhúsinu Jökluum, verkefni sem hlaut mikla eftirtekt sökum nýstárlegrar nálgunar. Auk þess sinnir hann starfi hótelstjóra, sem hann segir tvinnast ágætlega saman við leiklistina - sem það lá þó aldrei í augum uppi að hann myndi leggja fyrir sig.

## Stofnaði leikhús tíu ára

„Ég er uppalinn á Tálknafirði og bjó þar að mestu til sextán ára aldurs. Þá fór ég suður í nám. Ég byrjaði í Stýrimannaskólanum og ætlaði að fylgja í fótspor forfeðranna. Ef ég hefði klárað námið hefði ég nefnilega orðið sautjándi ættliðurinn af skipstjórum,“ segir hann frá og brosir. „Ég sá hins vegar fljótlega að það var ekki það sem ég vildi gera, en ég kláraði samt pungaprófið svo það er ekki öll von úti. Ég fór svo í Menntaskólann á Ísafirði og kláraði viðskiptafræði þar. En það blundaði samt alltaf í mér gamall draumur um að verða leikari,“ segir Ársæll, sem hafði alltaf gaman af því að koma fram sem barn.

„Á mannamótum, í fjölskyldubodum og á ættarmótum og svo-leiðis, var maður alltaf að sýna leikþætti eða segja brandara og sögur. Mér fannst aldrei leiðinlegt að fá athygli,“ segir hann og hlær við. „Tíu ára gamall stofnaði ég leikhús í tjaldvagninum hennar ömmu minnar. Ég hélt þar eina sýningu fyrir fjóra áhorfendur. Þetta var ekki stór tjaldvagn, svo bekkurinn var fullsetinn. Þetta var fyrir fullu húsi,“ segir hann glettnislega. „Ég tók líka þátt í öllum árháttidum í grunnskólanum og var aðeins með í leiklistardeild Ungmennafélags Tálknafjarðar. Þegar ég fór suður þá lagðist þetta áhugamál í einhvern dvala og upp komu önnur, kannski ekki alveg jafn heilbrigð, áhugamál,“ segir Ársæll og brosir út í annað.

„Þegar ég var kominn aftur vestur á firði, í aðeins verndaðra umhverfi, rifjaði ég upp kynnin og fór að vera með leikfélaginu í Menntaskólanum,“ útskýrir hann.

## Eitt leiddi af öðru

Ársæll segir leiklistarstarfið í Menntaskólanum á Ísafirði vera gríðarlega gott og öflugt.

„Ég myndi segja að þetta væri

bara nokkuð góð útungunarstöð fyrir listamenn. Þeir brottfluttu sem eru núna að gera það gott fyrir sunnan eru held ég allt krakkar sem hafa tekið þátt í leiklistinni á Ísafirði af miklum krafti. Ég held að þetta sé góður skóli upp á það að gera, hann elur af sér listamenn,“ segir hann. Á meðan Ársæll bjó á Ísafirði kynntist hann Elfar Loga Hannessyni, stofnanda Kómedíuleikhússins, sem hann hefur starfað mikið með síðan.

„Ég var fastagestur á kaffihúsinu hans og við ræddum mikið um leiklist. Ég fór smám saman að vinna með honum, eins mikið og ég gat leyft mér, verandi áhugamaður. Seinna fór ég að vinna með honum í Act Alone og í gegnum þá vinnu kynntist ég skólastjóranum í Kómedíuleikhúsinu, sem er leiklistarskóli í Kaupmannahöfn hvar Elfar Logi hafði lært. Ég fór svo sjálfur þangað,“ útskýrir Ársæll. „Þetta hefur verið svolítið þannig að eitt leiðir af öðru hjá mér,“ bætir hann við.

Ársæll var tuttugu og þriggja ára þegar hann lauk menntaskólanámi og hélt ári síðar utan í leiklistarskóla. „Ég er svona „late bloomer“ eins og það heitir,“ segir hann og brosir. „Eftir menntaskólann tók ég mér eitt ár, eignaðist barn og gifti mig og fór svo út til Kaupmannahafnar með fjölskylduna, þar sem við eignuðum annan son sumarið eftir að við fórum utan. Við bjuggum í Kaupmannahöfn í þrjá vetur, vorum vetur til viðbótar að mínu námi loknu. Konan mín var í háskólanámi og ég ákvað að reyna aðeins fyrir mér í leiklistinni úti. Það var hins vegar mjög mikið hark, mun erfiðara en hér,“ segir Ársæll, sem segir tungumálið hafa háð sér.

„Skólinn minn var á ensku, þannig að ég var ekki orðinn neitt gríðarlega sleipur í dönskunni. Ég gat alveg bjargað mér en var auðheyrilega ekki af dönsku bergi brotinn. Þetta er hins vegar þannig að ef maður hljómar ekki eins og innfæddur fær maður ekki vinnu, að minnsta kosti ekki launada,“ segir Ársæll, sem tókst reyndar að næla sér í hlutverk í auglýsingu fyrir Sony Ericsson.

„Ég var voðalega ánægður með það, þangað til að ég frétti á öðrum tökudegi að þetta væri ekki sjónvarpsauglýsing heldur bara innanhússklippa til að sýna á ráðstefnum. Þar með lækkuðu launin niður í 10% af því sem ég hefði fengið ef þetta hefði verið

sjónvarpsauglýsing. Mér fannst það frekar súrt!“ segir hann og hlær við. „Ég var búinn að sjá fyrir mér að geta borgað húsaleiguna í heilt ár,“ bætir hann við.

## Bjóst ekki við svo mörgum verkefnum

Skömmu síðar bauðst Ársæli hlutverk á Íslandi og fjölskyldan pakkaði þá saman sínu hafurtaski og flutti sig um set á Suðureyri, þar sem þau búa í dag. „Ég hafði frétt að Lýður Árnason væri að fara að gera myndina Vaxandi tungl. Ég kannaðist nú aðeins við hann frá fornu fari og sendi honum tölvupóst og sagði að fyrst hann væri nú að gera vestfirska mynd kæmi ekki annað til greina en að hafa nýútskrifaðan vestfirskan leikara innanborðs. Það gekk eftir. Viku eftir það var ég allt í einu komin með fjögur önnur á borðið,“ segir Ársæll frá.

„Elfar Logi frétti af því að ég væri að koma og hafði samband við mig, af því að þá var hann að byrja ásamt Lýðveldisleikhúsinu að vinna í verki sem heitir Síðasti dagur Sveins skotta, svo ég var með í því líka. Síðan þá hefur eiginlega verið brjáláð að gera hjá mér. Það er fyrst núna sem ég er farinn að spá í hvað gerist næst, því nú sé ég ekki nema fjóra mánuði fram í tímann. Mánuði eftir að ég kom heim í fyrra var ég með verkefni eitt og hálft ár fram í tímann,“ segir Ársæll, sem segir þá þróun hafa komið sér skemmtilega á óvart.

„Ég bjóst ekkert við því að fá svona mikið að gera. En maður syndir svo sem ekkert í peningum eftir þetta og verkefni hafa gengið misvel, fengið misgóða dóma og verið misvel launuð. En þetta hefur allt verið góð reynsla. Síðasta sumar leikstýrði ég Morranum og við Logi ákváðum líka að starfa frekar saman og vorum með þrjár frumsýningar í vetur. Svo arfleiddi hann mig að hlutverkinu í netleikhúsinu Jökluar. Hann ætlaði að vera með í því, en þurfti svo að segja sig úr því sökum anna og ánafnaði mér hlutverkinu í staðinn,“ útskýrir Ársæll, sem segir þá tilraun hafa tekist vel, en verkið tefldi saman leikurum á fimm stöðum á landinu sem áttu samskipti í gegnum internetið.

## Orðinn fullgildur leikari

„Framkvæmdin og allt gekk

mjög vel upp og það var frábært tækifæri að fá að taka þátt í svona tímamótaverkefni. Það var alveg ævintýraleig reynsla og fagmenn þarna í hverju rúmi. Við vorum kannski þínu svekkt yfir mætingu, en maður er það nú svo sem yfirleitt alltaf. Viðtökur og umtal og framkvæmdin í heild er eitthvað sem við getum öll verið ánægð með og ég er mjög sáttur við mína aðkomu að þessu,“ segir Ársæll.

„Þegar maður hugsar um leikhús hugsar maður alltaf um stórt og mikið, en þarna þurfti maður að þjappa þessu öllu niður og pakka niður í ekki neitt - náðin við áhorfendurna sem voru þarna inni í sal var svo mikil. Maður leikur smátt í kvikmynd en stærra í leikhúsi, en þarna var ég að leika ennþá smærra en í kvikmynd meira að segja,“ segir Ársæll.

Frumkýringin á Jökluum markaði líka ákveðin tímamót á leikferli hans. „Skólinn sem ég var í var með diplómanám. En Félag íslenskra leikara, til dæmis, tekur bara inn leikara sem eru útskrifaðir úr B.A. námi. Það er þínu menntasnobbi í gangi, kannski eðlilega, þar sem leikari er ekki vermdað starfsheiti. Ef þú ert ekki með B.A. próf þarftu að vera með tveggja ára nám og svo ákveðna reynslu til þess að fylla upp í þetta,“ útskýrir hann. „Um leið og ég var búinn að frumsýna Jökla var ég búinn að ná þeim kvóta. Það var markmið sem ég var búinn að einsetja mér að klára á tveimur árum, en að ná því á einu ári er eitthvað sem ég er mjög ánægður með.“

## Gestrisni í blóð borin

Leikhúsveturinn er nú að baki en framundan er sumar undir merkjum ferðapjónustunnar, því Ársæll tók í vetur við starfi hótelstjóra Fisherman á Suðureyri. Hann segist lengi hafa verið spenntur fyrir veitingarekstri.

„Mér er gestrisni í blóð borin, ef svo má segja. Að loknu menntaskólanámi fór ég að vinna sem þjóni á Hótel Ísafirði og þar fékk ég mikinn áhuga á þessum geira í öðru sumarið mínu frá Danmörku, sumarið 2009, ákváðum við hjónin að opna kaffihús á Tálknafirði og nota sumarið í það. Frá því að ég flutti að heiman hafði ég eytt öllum sumrum á Ísafirði en langaði þarna að vera hjá minni fjölskyldu,“ útskýrir Ársæll.

„Við vissum af gömlu posthúsi sem hafði verið breytt í kaffihús

og stóð þarna autt og ónotað, svo við tókum það bara á leigu og rákum Kaffi Sæla þar yfir sumaríð. Það gekk bara mjög vel og greinilega hefur eigandinn hérna á Fisherman haft afsþurn af því. Þegar hann var að leita sér að hótelstjóra hafði hann samband við mig og spurði hvort ég væri til í að taka það að mér. Þetta hentar mér mjög vel, það er oftast mest að gera í leikhúsinu á veturna og þá er lítið að gera á hótelinu - ég get haft þetta sem fimmtíu prósent starf á veturna og svo hella mikið í þetta á sumrin. Ég reyni nú samt að leika eitthvað í sumar. Við erum með litlar farandsýningar, svo maður getur skotist á helgum og sýnt um hvippinn og hvappinn,“ segir Ársæll sem lifir því og hrærist í ferðapjónustu og menningu þessa dagana.

„Það snýst allt um það hjá mér núna. Hvert sem maður kemur er að fólk að tala um að menningartengd ferðapjónusta sé málið. Ég er með puttana í báðu og tekst ágætlega að tvinna þetta saman. Ferðapjónustan hefur í rauninni lengi verið „plan bé“ hjá mér,“ segir Ársæll, sem list ágætlega á komandi sumar.

„Það lofar bara góðu. Það er reyndar langt síðan ég hef verið í svona A-manneskju starfi. Í fyrra var ég með Morrann og það var svona alls konar vinnutími þar, eins og í leikhúsinu í vetur. Ég vissi ekki fyrir en ég vaknaði á morgnana hvað ég var að fara að gera yfir daginn. Núna veit ég að ég er að vinna frá átta til fimm alla virka daga. Það eru svolítið viðbrigið og skelfir mig líka þínulítið - þetta er eiginlega hættulega formfast fyrir mann eins og mig. Svólítið fullorðins,“ segir hann og brosir við.



# Naumt tap í fyrsta leik

ÍR-ingar sigruðu BÍ/Bolungarvík í fyrstu umferð 1. deildar karla á Torfneshvelli á laugardag. Lokatölur leiksins urðu 1-2. ÍR-ingar komust yfir í leiknum en heimamenn jöfnuðu eftir hornspyrnu. Axel Kári tryggði svo ÍR sigur með marki úr vítaspyrnu þegar þrjár mínútur voru komnar fram yfir venjulegan leiktíma. Um var að ræða fyrsta leik BÍ/Bolungarvíkur í deildarkeppninni undir stjórn Guðjóns Þórðarsonar.

„Síðast þegar 1. deildar leikur í knattspyrnu átti sér stað á Torfneshvelli var Justin Bieber ekki fæddur og Ómar Ragnarsson var ennþá með hár. Þann 18. september 1993 öttu BÍ88 kappi við ÍR þar sem markamaskínan Jóhann Ævarsson tryggði heimamönnum 1-0 sigur. Það var því við hæfi að BÍ/Bolungarvík skyldi mæta ÍR í fyrsta heimaleik sínum í 1. deildinni í ár,“ segir í umfjöllun um leikinn á vef BÍ/Bolungarvíkur.

– *thelma@bb.is*

**Ertu orðin(n) áskrifandi?**  
**Síminn er 456 4560**

## Spurningin

Á að opna landið frekar en gert er fyrir erlenda hælisleitendur?

Alls svöruðu 564.  
Já sögðu 77 eða 14%  
Nei sögðu 487 eða 86%

Netspurningin er birt vikulega á [bb.is](http://bb.is) og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

## Helgarveðrið

**Horfur á föstudag:** Útlit fyrir norðlæga átt með éljum um landið norðanvert, en yfirleitt þurrviðri syðra. Hiti 0-5 stig að deginum sunnantil en annars vægt frost.

**Horfur á laugardag:** Útlit fyrir norðlæga átt með éljum um landið norðanvert, en yfirleitt þurrviðri syðra. Hiti 0-5 stig að deginum sunnantil en annars vægt frost.

**Horfur á sunnudag:** Útlit fyrir norðlæga átt með éljum um landið norðanvert, en yfirleitt þurrviðri syðra. Hiti 0-5 stig að deginum sunnantil en



Tomi Ameobi (í bláu) skoraði fyrsta mark tímabilsins hjá BÍ/Bolungarvík.

## Ritstjórnargrein

# Það verður að hefjast handa

Í umræðum á Alþingi fyrir nokkru krafðist Einar Kristinn Guðfinnsson, alþm. þess að stefnumótun samgönguyfirvalda varðandi Vestfjarðaveg kæmi fram í samgönguáætlun, sem lögð verður fram í haust og gilda mun til næstu fjögurra ára. Þá vakti þingmaðurinn athygli á því að enn bólaði ekkert á sérstökum samráðsvettvangi heimamanna og samgönguyfirvalda, sem fyrirheit hafa verið gefin um. Það mun ske á næstu vikum, var svarið. Það liggur sumsje ekkert á, eða hvað? Einar Kristinn hefur ásamt þeim Asbiri Óttarssyni og Gunnari Braga Sveinssyni, lagt fram lagafrumvarp um vegagerð á sunnanverðum Vestfjörðum, svonefnda B-leið, sem mikill stýr hefur staðið um. Í umræðunum lýstu bæði Guðbjartur Hannesson, velferðarráðherra og Kristján L. Möller, fyrrum samgönguráðherra yfir stuðningi við B-leiðina, en Kristján komst meðal annars svo að orði að íbúar á sunnanverðum Vestfjörðum hafi mátt búa við samgöngulegt fangelsi í áraradír.

Ráðherra samgöngumála hefur ítrekað lýst því yfir að Vestfirðingar búi við erfiðari samgöngur en íbúar annarra landshluta; að við forgangsröðun í samgöngumálum yrðu Vestfirðir efstir á blaði. Segja má að líkur samhljómur hafi verið í yfirlýsingum forsætisráðherra og fjármálaráðherra eftir ríkisstjórnarfundinn á Ísafirði, er þeir sögðu Vestfirðinga mega vera þess fullvissa að stjórnvöld hefðu ekki

gleymt þeim. Eigi að síður þótti ýmsum að „síðubitarir“ sem talsmenn ríkisstjórnarinnar báru á borð ekki hafa verið þverhandarþykkir, en svo skal það orðað. Ummæli samgönguráðherra um að sönnunarbyrðin, hvað varðar val á vegstæði, liggi hjá þeim sem ekki vilja fara „ódyrustu“ leiðina er umhugsunarefni. Vissulega skiptir kostnaður máli í þessum efnum sem öðrum. Framar einhverjum krónum til eða frá hlýtur spurningin að snúast um öryggi vegfarenda og nýtingu mannvirkisins. Skammtímasparnaður kemur alltaf í koll síðar meir. Átakanlegt dæmi þar um eru einbreiðu jarðgöngin undir Breiðadalshéiði; skammsýni, sem ekki verður afsökuð með að göngin séu barn síns tíma. Marktækasta „sönnunin“ sem lögð verður fram í málum af þessum toga er reynsla heimamanna, sem af aragrúa ferðalaga á öllum árstímum þekkja svæðið til hlýtar. Því miður hefur í alltof mörgum tilfellum ekki verið tekið tillit til ábendinga þessa fólks, en í stað þess horft meir „á reizlur og kvarða“ í hlýju innan veggja við aðstæður ólíkar vestfirskri vetrarveðráttu.

Þótt verkefnið við vegasamgöngur innan fjórðungsins og tengingu við þjóðvegakerfið séu ærin eru þau ekki óvinnandi. Vandinn eykst hins vegar með hverju árinu sem líður án þess að hafist sé handa. Hvað Vestfjarðaveg 60 varðar verður að höggva á hnúttinn. Hagsmunir fjöldans eru eitt og sama og framtíð byggðarlagsins. *s.h.*

**Útgefandi:** Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, [bb@bb.is](mailto:bb@bb.is). **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, [thelma@bb.is](mailto:thelma@bb.is). · Kristján Torfi Einarsson, sími 456 4560, [kte@bb.is](mailto:kte@bb.is). **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, [halldor@bb.is](mailto:halldor@bb.is). **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

# Raforkusala Orkubús Vestfjarða dróst saman um 4,2% milli ára

Um rafdreifikerfi Orkubús Vestfjarða (OV) fóru 124,7 gígavattstundir (GWh) á síðasta ári að undanskilinni ótryggðri orku til hitaveitu. Er það samdráttur um

4,2% frá fyrra ári. Frá hitaveitum voru seldar 80,4 GWh á síðastliðnu ári og minnkaði salan um 7,2% miðað við fyrra ár. Aðrir söluaðilar en Orkubúið seldu um



**Steinn Kjartansson fulltrúi Landsbankans afhenti Gunnari Má Eliassyni fyrirliða BÍ/Bolungarvíkur ávísun upp á hálfa milljón. Hann afhenti síðan Sigurði Ólafssyni formanni Sigurvegar styrkinn að gjöf frá félaginu.**

## Landsbankinn styrkir BÍ

Landsbankinn og Boltafélag Ísafjarðar hafa undirritað styrktarsamning til tveggja ára sem skiptist á milli yngri flokka félagsins og meistara-flokks. Landsbankinn mun þó í samræmi við stefnu sína afsala sér auglýsingum á bún-ingum BÍ. Í stað þess valdi BÍ að merki Krabbameinsfélagsins Sigurvegar myndi prýða búninga félagsins næstu ár. Landsbankinn kynnti síðastliðið haust nýja stefnu í stuðningi bankans við íþróttafélög undir yfirskriftinni Samfélag í nýjan búning. Markmiðið er að tengja saman stuðning bankans við íþróttir og mann-úðarmál.

Stofnaður verður áheita-sjóður fyrir Sigurveg í útibúi Landsbankans á Ísafirði og mun bankinn greiða í sjóðinn ákveðna upphæð fyrir hvern

sigur meistaraflokka BÍ/Bolungarvíkur á Íslandsmótum. Það er því vonandi að sigarnir verði margir þetta árið þar sem það kemur fleiri aðilum en Boltafélaginu til góða. Landsbankinn mun að auki í tilefni af stofnun áheitasjóðsins styrkja Sigurveg með styrk að upp-hæð 500.000 krónur.

„Stjórn BÍ88 þakkar Lands-bankannum fyrir styrkinn enda skýtur hann styrkari stoðum undir starf félagsins í baráttunni í öllum deildum og öllum flokkum. Það er líka afar ánægjulegt að nú skuli fleiri njóta góðs af fótboltanum en bara þeir sem hafa áhuga á honum,“ segir í tilkynningu.

Áður en fyrsti leikur BÍ/Bolungarvíkur hófst í 1. deild á laugardag afhenti fulltrúi Landsbankans BÍ-mönnum ávísun upp á 500.000 krónur.



3,7 GWh á veitusvæði Orkubúsins á liðnu ári en sala OV á öðrum veitusvæðum var einungis um 0,1 GWh. Þá seldi OV jöfnunarorku sem nam 7,8 GWh á síðasta ári. Heildarsala fyrirtækisins varð því 209,3 GWh og minnkaði um 5,6% milli ára.

Greiðsla ríkissjóðs vegna niðurgreiðslu á orku til hitunar íbúðarhúsnæðis var 188,1 milljónir

króna og Orkubúsins 11,1 milljónir. Samtals var upphitunar-kostnaður íbúðarhúsnæðis á Vestfjörðum því greiddur niður um 199,2 milljónir króna og lækkaði niðurgreiðsluupphæðin um 4,9% milli ára. Þetta kemur fram í skýrslu Kristjáns Haraldssonar orkubússtjóra sem lögð var fram á aðalfundi OV. Á alla orku-sölu nema húshitun var lagður 25,5% virðisaukaskattur. Á húshitun var lagður 7% virðisaukaskattur. Af virðisaukaskatti á húshitun voru 63% skattsins endurgreidd á veitusvæði Orkubúsins. Álagður skattur á húshitun var því 2,59% nettó. Þetta endurgreiðsluákvæði var fellt úr lögum um síðustu áramót og er því virðisaukaskattur af húshitun 7% nú.

„Þegar sett var sérstök verðskrá fyrir raforkudreifingu í dreifbýli var ætluð stjórnvalda að greiða hana niður að því marki að hún yrði jafndýr og raforkudreifing í þéttbýli þar sem hún er dýrust. Ekki er ráðstafað nægu fé til verkefnisins þannig að þessu

markmiði stjórnvalda hefur aldrei verið náð. Framlög til þessa verkefnis hafa ekki heldur fylgt verðlagsþróun þannig að munurinn á milli dreifbýlis og þéttbýlis hefur aukist með árunum. Til þessa verkefnis var á síðasta ári ráðstafað 245 mkr. og til Vestfjarða runnu 24,9 mkr. af því fé,“ segir Kristján.

„Til þess að ná fram markmiðum stjórnvalda um jöfnun á kostnaði raforkudreifingar í þéttbýli og dreifbýli þarf að minnsta kosti að þrefalda þá upphæð sem nú er varið til niðurgreiðslunnar.“

Orkubú Vestfjarða er með lægsta auglýsta raforkuverð á samkeppnismarkaði og því er ekki mikið um að viðskiptavinir Orkubúsins yfirgefi fyrirtækið vegna hagstæðari kjara hjá öðrum fyrirtækjum, að sögn Kristjáns. Í vetrarbyrjun á síðasta ári ákvað Orkubúið að byrja að taka við viðskiptavinum af öðrum orkuveitusvæðum og eru bundnar vonir við að ná nokkrum viðskiptum með þeim hætti.

– thelma@bb.is

## Verkstjóri Kerecis ehf.

# KERÆCIS

Kerecis ehf. er öflugt frumkvöðlafyrirtæki sem þróar og framleiðir lækningavörur sem notaðar eru til meðhöndlunar á vefjaskaða í mönnum t.d. á þrálátum sárum og kviðsliti. Innan Kerecis starfar öflugur hópur sérfræðinga sem náð hefur góðum árangri í þróun á lækningarvöru og stefnir nú á framleiðslu og útfletningu.

Að fyrirtækinu standa Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Klofningur ehf. og Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf. ásamt stofnendum og starfsmönnum. Viðskiptaáætlun Kerecis byggir á hagnýtingu á próteinum sem unnin eru úr fiski sem á uppruna sinn í hinu hreina og ómengaða umhverfi Norður-Atlantshafsins.

### Kerecis hefur í hyggju að ráða verkstjóra á Ísafirði.

**Helstu ábyrgðasvið:**

- Flutningur í nýtt framleiðsluhúsnæði
- Uppsetning framleiðslulínu
- Verkstjórn og umsjón með gæðaeftirliti í framleiðslu

**Helstu hæfniskröfur:**

- Reynsla af verkstjórnun í framleiðslufyrirtækjum
- Þekking á vélum og tækjabúnaði
- Útsjónasemi og ábyrgð
- Áhugi og sjálfstæð vinnubrögð

Einnig er æskilegt að starfsmaðurinn sé iðnmenntaður og búi yfir grunnfærni í raf- og vélataekni.

Áhugasamir hafi samband við: hr@kerecis.com, eða í síma 891 7655 fyrir 1. júní nk.

Kerecis ehf. / Árnagötu 2-4, 400 Ísafjörður / Vinlandsleið 14, 113 Reykjavík / sími 562 2601 / www.kerecis.com

## Atvinna

Vestfirska forlagið og Minnstikaupstaður óska eftir að ráða starfsfólk við lagersölu sína á Ísafirði í sumar. Hlutastarf. Mjög skemmtilegt og gefandi starf fyrir þá sem áhuga hafa á Vestfjörðum og Vestfirðingum. Fólk á öllum aldri kemur til greina.

Sendið okkur línu á jons@snerpa.is eða hringið í síma 895 8260.



Melrakkasetur Íslands í Súðavík.

# Gera ráð fyrir sex þúsund gestum

Stjórn Melrakkaseturs Íslands er bjartsýn á komandi sumar og gerir ráð fyrir að gestafjöldinn tvöfaldist í það minnsta. Vinnu- málstofnun hefur gefið vilyrði fyrir stuðningi við ráðningu fjög- urra sumarstarfsmanna og opn- unartíminn verður kl. 10-22 eins og síðasta sumar. Samkvæmt rekstraráætlun setursins er gert

ráð fyrir allt að 6.000 gestum og tekjur og styrkir verði allt að 15 milljónum króna. Gert er ráð fyrir að starfsemi setursins muni standa undir kostnaði við sumar- starfsmenn og rekstur kaffihúss en laun forstöðumanns verði áfram háð styrkjum frá opinber- um aðilum og í formi ýmissa verkefna. Ríkisstjórn Íslands hef-

ur heitið stuðningi næstu tvö árin og verði er að semja við um- hverfisráðuneytið.

„Vegna sérstakrar hálfslíðu í Lonely Planet Travel Guide, þar sem mælt er með sjálfbodaliða- vinnu í Melrakkasetrinu, höfum við fengið fjölmargar beiðnir um slíkt. Settur var upp sérstakur verkefnalisti á heimasíðunni og

umsóknir berast nær daglega. Því er gert ráð fyrir að unnin verði fleiri refavöktunarverkefni og á fleiri stöðum en áður,“ segir í árs- skýrslu setursins.

Einnig er áætlað að fara í spurn- ingakönnun meðal ferðamanna, sem er hluti af verkefni setursins innan The Wild North. Þá standa vonir til að grasagarður að veru- leika við setrið í sumar.

Í sumar verður sett upp brúðu- leikhús og barnaleiðsögn sem Menningarráð Vestfjarða hefur styrkt myndarlega. Einleikurinn Gaggad í grjóttinu verður sýndur 6-8 sinnum í sumar eins og í fyrra. Tónleikar verða nokkrum sinnum í sumar, m.a. með Mugis- on, Skúla mennska og Svavari Knúti.

Melrakkasetrið tekur virkan þátt í Bláberjadögum sem haldnir verða í lok ágúst. Hér verða hald- in fræðsluerindi um villtu berin okkar og lifandi tónlist leikin, auk þess sem hér verður hand- verksmarkaður og listasýningar á loftinu. „Ekki er von á öðru en að sumarið verði gott fyrir Mel- rakkasetrið og að húsið í Eyrardal

verði vel nýtt undir ýmsa við- burði allt árið,“ segir í ársskýrsl- unni.

Skýrslan var lögð fram á aðal- fundi Melrakkasetursins á dög- unum. Þar voru allir stjórnar- menn einróma endurkjörnir: Barði Ingibjartsson, Böðvar Þór- isson, Dagbjört Hjaltadóttir, Ester Rut Unnsteinsdóttir og Ómar Már Jónsson og til vara Elías Oddsson. Hlutafélagar eru nú orðnir 58 talsins og enn er eftir eitthvað af viðbótarhlutafé til sölu.

Í umræðum á fundinum kom fram að Melrakkasetrið mætti verða sýnilegra á rannsóknar- vettvanginum. Mikil vinna fór í undirbúning og uppsetningu sýn- ingarinnar á síðasta ári en rann- sóknargögnum var safnað til úr- vinnslu síðar. Framundan er al- þjóðleg ráðstefna sem Melrakka- setrið tekur þátt í með tveimur erindum. Fyrirhugað er að vinna úr rannsóknargögnum sem hafa safnast á undanföllum árum í samstarfi við Háskóla Íslands og Náttúrustofu Vestfjarða.

– thelma@bb.is

## Lagt til að tilboði Geir- naglans ehf. verði tekið

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur lagt til að tilboði Geir- naglans í snjóflóðavarnir undir Kubba í Skutulsfirði verði tekið. Alls bárust sex tilboð í verkið og var Geirnaglinn ehf. á Ísafirði með lágsta tilboðið sem hljóðaði upp á 213.283.690 krónur. Kostnaðaráætlun hljóð- ar upp á 299.099.000 krónur. Í bréfi Framkvæmdasýslunnar

sem lagt var fyrir bæjarráð er mælt með að tilboði Geirnagls sé tekið. Einnig buðu í verkið Verktakafélagið Glaumur sem bauð 213.996.600 krónur, GV gröfur sem bauð 214.939.100 krónur, KNH sem bauð 242.484.050, Suðurverk sem bauð 287.292.984 og ÍAV sem bauð 345.641.786 krónur.

Snjóflóðavarnirnar saman-

standa af stoðvirkjum á hluta upptakasvæðis snjóflóða og þvergarði sunnan við fjölbýl- ishúsin í Stórholti. Mannvirk- inu er ætlað að tryggja öryggi íbúa í þeim hluta Holtahverfis sem er innan hættusvæðis sam- kvæmt gildandi hættumati. Verkkaupar eru Ísafjarðarbær og Ofanflóðasjóður á vegum umhverfisráðuneytis.





Háskólinn  
á Akureyri  
University  
of Akureyri

# VERTU VELKOMIN/N Í HÁSKÓLANN Á AKUREYRI!

## HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Á heilbrigðisvísindasviði er boðið upp á nám í tveimur deildum:

- ▶ Hjúkrunarfræði\*\*
- ▶ Iðjuþjálfunarfræði\*
- ▶ Diplómu- og meistaranám í heilbrigðisvísindum
  - M.S. í heilbrigðisvísindum
  - Diplómunám í heilbrigðisvísindum (40 einingar)

## HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Í boði er nám í þremur deildum á hug- og félagsvísindasviði; félagsvísindadeild, lagadeild og kennaradeild:

- ▶ Félagsvísindi\*
- ▶ Fjölmíðlafræði\*
- ▶ Kennarafræði\* (leik- og grunnskólastig)
- ▶ Lögfræði
- ▶ Nútímafræði\*
- ▶ Sálfræði\*
- ▶ Heimskautalögfræði L.L.M/M.A.
- ▶ Nám til kennsluréttinda
- ▶ Menntunarfræði
  - Diplómunám í menntunarfræðum (60 einingar)
  - M.Ed. í menntunarfræðum
  - M.A. í menntunarfræðum

## VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Á viðskipta- og raunvísindasviði er boðið upp á nám í viðskiptadeild og auðlindadeild:

- ▶ Líftækni\*
- ▶ Sjávarútvegsfræði\*
- ▶ Náttúru- og auðlindafræði\*
- ▶ Viðskiptafræði\*
- ▶ M.S. í auðlindafræði
- ▶ M.S. í viðskiptafræði

\*Einnig í boði í fjarnámi \*\*Í boði í fjarnámi frá Selfossi  
Engin skólagjöld, innritunargjald fyrir skólaárið kr. 45 þúsund.

[www.unak.is](http://www.unak.is)



Umsóknarfrestur til 5. júní

# „Kröfurnar

# hömluðu

Guðbrandur Baldursson hefur oft verið kenndur við föður sinn, þjóðsagnapersónuna og prestinn í Vatnsfirði við Djúp. Væntingarnar og pressan sem því fylgdi að vera titlaður prestsonur höfðu aldrei til Guðbrands, sem hefur farið heldur óhefðbundnar leiðir í lífinu. Hann er menntaður förðunarfræðingur en hefur einnig verið viðloðandi ferðaþjónustu- og veitingabransann í fjölmörg ár. Í dag leggur hann stund á ristörf, þar sem hann vinnur að sjálfævisögu um uppvaxtarárin í Djúpi, og er þar að auki í námi í frönsku. Síðast en ekki síst ræður Guðbrandur ríkjum í falllegu umhverfi Faktorshússins í Hæsta kaupstað á Ísafirði og þar settist hann niður ásamt blaðamanni á sölbjörtu síðdegi í maí.

## Keypti fyrsta farðaglasíð fjórtán ára

Guðbrandur er fæddur 1968, yngsti sonur séra Baldurs Vilhelmssonar. „Og Ólafíu Salvardóttur frá Reykjavíri í Djúpi, ég er nú ekki síður sonur hennar,“ segir Guðbrandur og hlær við. „Það má ekki gleyma konunum, við værum ekki til án ykkar,“ segir Guðbrandur, sem er feminisminn afar hugleikinn og hefur unnið að ýmsum mannréttindamálum í gegnum tíðina.

Guðbrandur ólst upp í Vatnsfirði ásamt systkinum sínum fimm, Stefáni, Þorvaldi, Ragnheiði, Hallfríði og hálsysturinni Evlalíu Kristjánsdóttur. Hann sótti héraðsskólann í Reykjanesi. „Síðasta skólaárið mitt er þar veturinn 1983-4. Þá fór ég suður til Reykjavíkur og fór í ýmis störf, sótti námskeið og hitt og þetta. Það má kalla það lífsins skóla, svona eins og sagt er,“ segir hann.

„Ég byrjaði að læra kokkinn og þjóninn og ætlaði að klára hvort tveggja, en lauk reyndar ekki námi. Ég lagði líka stund á kökuskreytingar og annað, svo ég hef dágóða innsýn inn í þennan bransa. Sú innsýn er kannski undanfari stöðu minnar eins og hún er í dag og ástæðan fyrir því að ég tók að mér veitingarekstur,“ segir Guðbrandur.

Um árið 2000 lét hann svo gamlan draum rætast og skræði sig í nám í förðunarfræði. „Ég er einn af örfáum karlmönnum sem fór í förðunar- og snyrtifræði, sem ég lærði hjá Kristínu Stefánsdóttur í No Name skólanum. Þar naut ég leiðsagnar Birtu Björnsdóttur og Emblu Sigurgeirsdóttur, alveg frábærra kenn-

ara. Ég hafði haft áhuga á þessu frá því um fermingu. Ég var fjórtán ára gamall þegar ég keypti fyrsta farðaglasíð mitt í snyrtivöruverslun í Reykjavík,“ segir Guðbrandur brosandí. „Það er nú svolítið gaman að segja frá því núna, því þegar ég var fjórtán ára, upp úr 1980, þótti þetta nú... frekar forvitnilegt, skulum við segja,“ segir hann brosandí.

## Kenndi klæðskiptingum förðun

Guðbrandur segir árin sem hann starfaði við förðun hafa verið afar líflegt og skemmtilegt tímabil. „Og mjög gefandi. Ég kann ekki að lýsa tilfinningunni almennilega, en þarna var maður í því hlutverki að vera til staðar fyrir annað fólk, hjálpa og gefa af sér til annars fólks og það er góð og ómetanleg tilfinning. Sú yngsta sem ég hef farðað held ég að hafi verið um eins og hálfars árs, og sú elsta hefur verið 92 ára. Það er allt þar á milli,“ segir Guðbrandur. Í stólinn hans hafa sömuleiðis sest þjóðþekktar manneskjur, þar sem fyrirsætan Ósk Norðfjörð fer kannski fremst í flokki. Þó að fyrirsætur í bransanum séu yfirleitt ungar að árum segir Guðbrandur það þó litla áskorun að farða stúlkur undir tvítugu. „Þær eru svo flottar og fínar fyrir. Að breyta karlmanni í dragdrottningu er orðin áskorun, það er hreinlega leikhúsförðun og mikil vinna. Þá þarf virkilega að spá í hlutina,“ segir Guðbrandur sem er ekki ókunnugur þeirri áskorun.

„Já, já, ég hef gert það líka. Í Reykjavík er klúbbur klæðskiptinga sem hafði samband við mig og bað mig að koma til þeirra með kennslu. Ég kom í heimahús þar sem þeir voru nokkrir saman komnir, menn sem hafa gaman af klæðaskiptum. Þetta voru hin skemmtilegustu kvöld, mikið fjör og ofboðslega gaman og svakaleg áskorun fyrir mig og mikil reynsla! Það eina sem ég sagði var „þið rakið ykkur sjálfir strákar mínir, og svo skal ég sjá um rest“. Ég kenndi þeim að nota snyrtivörur og nota skraut til að skreyta sig. Það var bara æðislegt að fá að taka þátt í þessu,“ segir Guðbrandur brosandí áður en prakkaralegur svipur færir yfir andlitið.

„Nú geta klæðskiptingarnir í felum hérna á Ísafirði hugsað sér gott til glóðarinnar,“ segir hann svo og skellihlær. „Þannig er nú lífið og tilveran, þetta er til alls

staðar! Ég get alveg séð fyrir mér skrúðgöngu hér á Ísafirði í byrjun ágúst, alveg eins og Gay Pride í Reykjavík - þó það séu ekki nema átta eða tíu manns að veifa fánum, það væri alveg í góðu lagi!“ segir hann hlæjandi.

Einn mannanna sem Guðbrandur kenndi á umræddum kvöldum tók síðar þátt í keppninni um dragdrottningu Íslands og fékk Guðbrand til að sjá um förðunina. „Hann hefur gert það tvisvar og fékk mig í bæði skiptin til að fylgja sér í gegnum keppnina,“ útskýrir Guðbrandur, sem segir engan feluleik hafa verið í gangi í þessum félagsskap. „Stundum voru eiginkonurnar hreinlega með,“ segir hann.

Guðbrandur tók að auki að sér að kenna öðrum og öllu yngri aldurshópum á fyrirsætunámsskeiðum á vegum Eskimo models og farðaði jafnframt stúlkur sem tóku þátt í Ford-keppninni. „Það var yndislegt að fá að vera með þessum krökkum í því. Stelpurnar voru yndislegar, svo miklar væntingar og gleði í ungum augum,“ segir hann og brosir. „Ég veit reyndar ekki af hverju Andrea Brabin hjá Eskimo vildi fá mig í þetta,“ segir hann af hógværd sem að mati blaðmanns keyrir úr hófi fram.

Staðreyndin er í það minnsta sú að strákar í bransanum hafa vakið mikla athygli og gera enn. „Sjáðu bara Haffa Haff, Ísak og Skjöld Eyfjörð. Ég er svona málkunnugur þeim, þó að ég hafi nú eiginlega verið að hætta í bransanum þegar Haffi Haff, sem er mjög flottur og hæfileikaríkur strákur, kom frá Ameríku, til dæmis. En nú heitir þetta víst tískulögga,“ segir hann og hlær við.

## Vildi ekki verða næsti Heiðar snyrtir

Á þeim tíma sem Guðbrandur lauk sínu námi var Heiðar Jónsson væntanlega þekktastur karlmanna í bransanum. „Hann var alltaf kallaður snyrtir, þó að það sé nú reyndar ekki löggilt heiti heldur frekar viðurnefni. Í kjölfar námsins míns starfaði ég við förðunarfræðina og við sölu-mennsku á snyrtivörum í heimakynningum, verslunum og víðar. Þegar Debenhams opnaði árið 2001 starfaði ég þar fyrir No Name umboðið,“ segir Guðbrandur.

„Heiðar Jónsson var erlendis á þessum tíma og það vantaði einhverja tískulöggu eða snyrti í staðinn, hann skildi eftir sig autt

svið. Það var enginn sem sinnti þessu sem hann gerði, var með konukvöld, litgreiningar og slíkt. Ég er nú svo sem enginn sérstakur gúrú í því og kannski ekki jafn fær og hann, þó ég viti það svo sem ekki, það hefur ekki verið gerð nein vísindaleg úttekt á því,“ segir hann og brosir. „Það var mikið hringt í mig og ég beðinn um að taka að mér svona konukvöld og klúbba, bæði af einstaklingum og af félagasamtökum hingað og þangað um landið. Ég prófaði það í nokkur skipti, þegar ég var keyptur svona sem skemmtikraftur. Það var algjörlega ný veröld og það opnaðist þarna alveg nýr heimur fyrir mér. Enda var ég óreyndur, þannig lagað, í þessum bransa,“ segir Guðbrandur.

„Það verður enginn neitt annað, eða einhver annar, en hann er. Það var svona verið að reyna að gera úr mér einhvern Heiðar Jónsson tvö. Þetta var æðislega skemmtilegur tími og rosalega reynslumikill, en ég eiginlega týndist og tapaði sjálfum mér í þessu. Mig langaði að vera Guðbrandur, en það var einhver krafa um að vera Heiðar, gera eins og hann og tala eins og hann. Sum erum við dálítið líkir líka, sumir héldu meira að segja að ég væri sonur hans,“ segir Guðbrandur og brosir. „Ég bakkaði út úr þessu hlutverki og það er eiginlega ástæðan fyrir því að ég hætta í bransanum. Mig langaði ekkert til þess að vera hann,“ bætir Guðbrandur við, en hann segir snyrtivöruheiminn hafa verið grimman



bransa með mikilli samkeppni. „Það var mjög lærdómsríkt að fá að sjá inn í þennan heim. Ég er mjög þakklátur fyrir að hafa fengið að kynna honum, sölu-mennskunni og öðru,“ segir Guðbrandur.

„Ég hefði náttúrulega átt að byrja miklu yngri, en það lá nú ekki alveg beint við - að vera sonur prests í Þjóðkirkjunni, alinn upp í sveit og vera svo að mála konur út um allan bæ! Það var ekki alveg að gera sig þarna upp úr 1980,“ segir Guðbrandur hlæjandi. „En hjá mér snérist þetta um þessa löngun til að skapa eitthvað, hjálpa öðru fólki og fegra heiminn. Þetta var bara tímabil, og mjög áberandi tímabil í lífi mínu,“ segir Guðbrandur og brosir.

## Kóngablár og dimmrauður

Séra Baldur, faðir Guðbrands, var áberandi í pólitík eins og á öðrum sviðum mannlífsins. Guðbrandur hefur sjálfur ekki fetað sömu braut.

„Pólitík hef ég nú ekkert sérstaklega komið nálægt, eiginlega alls ekki. Faðir minn hinsvegar er mjög þekktur fyrir sínar pólitísku skoðanir. Á mínum yngri árum voru menn að fiska eftir því hvort ég ætlaði að feta í sömu fótspor og hann, og ýja eitthvað að því. Það var þá sérstaklega áreiði frá mönnum á vinstri kantinum, þar sem faðir minn er nú vinstri maður. Einhvern veginn varð það nú til þess að ég fór

alveg til hægri í staðinn,“ segir Guðbrandur og brosir. „Faðir minn er svona dimmrauður og ég alveg kóngablár! Þetta virkar stundum svona öfugt í lífinu, ef maður ætlast til einhvers af einhverjum fer hann stundum í alveg þveröfuga átt. Það getur líka verið á hinn veginn, að himinbláir foreldrar eigi alveg rauð börn. Ég þekki fleiri dæmi þess líka,“ segir hann og brosir.

Frekar voru það listir og bragfræði sem höfðuðu til Guðbrands, sem reyndi fyrir sér á ýmsum sviðum. „Ungur maður ákvað ég að feta svolítið listabrautina og var með fleiri járn í eldinum í því. Ég var í leiklist, til dæmis, og var stofnandi að leikfélagi sem hét Leikfúsk, með Þórhalli Gauti Sigurðssyni, ungum manni

úr Garðabæ og alnafna leikstjórans. Við stofnuðum þetta félag og fengum fólk til liðs við okkur. Það gekk í dálítinn tíma, en svo lognaðist þetta starf út af vegna peningaleysis og aðstöðuleysis. Ég ætlaði mér einu sinni inn á leiklistarbrautina og mátaði mig meira að segja við hlutverk í gamanþáttunum Heilsuþælið í Gervahverfi, sem var sýnt á Stöð 2. Svo varð reyndar ekkert úr því, það kallaði annað á mig, en ég var búinn að gera ýmislegt til að koma mér inn á þá braut, var með uppistand og skemmtanir með gamansögum, vísnum og ýmislegu,“ útskýrir Guðbrandur, sem hefur ort töluvert í gegnum árin.

„Ég hef verið svona fimmtán, sextán ára gamall þegar ég fór að

fást við vísnaverð eftir bragfræðinni. Ég virtist hafa eyra fyrir bragfræðinni og hef fengið viðurkenningar frá öðru fólki um að þetta væri nokkuð áheyrilegt og skemmtilegt hjá mér. Ég hef birt vísur og gefið fólki á ýmsum tímamótum í lífi þess, fengið að gylla þessar stundir þeirra með vísunum,“ segir Guðbrandur og brosir.

## Reykjanes notað sem „geymslustofnun“

Þrátt fyrir að vera einn í sex systkina hópi segist Guðbrandur á uppvaxtarárum sínum hafa verið töluvert mikið einn og jafnvel einangraður. Þar fer skólavistin á Reykjanesi með stórt hlutverk. „Í svona heimavistarskólum

úti á landi, eins og Reykjanesi, byrjuðum við tíu ára gömul í skóla. Í gagnfræðaskóla var svo líka kennt á laugardögum,“ segir hann frá. „Þegar ég var tíu ára og byrjaði í skóla vorum við bara tveir í bekk. Næsta ár flutti hinn drengurinn til Ísafjarðar og þá var ég einn. Í tólf ára bekk vorum við aftur tvö, þegar stúlka frá Flateyri flutti á Reykjanes eftir að hafa misst móður sína. Pabbi hennar var var kennari þarna. Í fyrsta bekk í gagnfræðaskóla vorum við svo þrjú eða fjögur, en það voru allt aðkomubörn frá Reykjavík á vegum Félagsmála- stofnunar,“ útskýrir hann.

„Upp úr 1970 og allt fram á síðustu daga voru Reykjanes og Núpur, þessir heimavistarskólar, svolítið mikið notaðir af yfirvöldum í Reykjavík sem geymslu- stofnanir fyrir „erfið“ börn. Þetta voru yndislegir krakkar og ekkert að þeim í raun og veru, heldur voru þetta mest foreldravanda- mál. Krakarnir komu frá heimil- um sem voru í einhverjum vand- ræðum og voru kannski sjálf með hegðunarvandamál í skólum eða einhver aðlögunarvandamál, vegna vanlíðunar. Þau voru þá send á Reykjanes,“ segir Guðbrandur.

„En þetta var náttúrulega ekkert betrunarheimili eða upp- tökuheimili sem slíkt, heldur heimavistarskóli. Starfsfólkinu gekk eflaust gott eitt til, en það var kannski ekkert í stakk búið til að taka á vandamálum ungl- inga og svo sannarlega ekki með þeim aðferðum sem þekkjast í dag. Þær voru ekki til þá. Ég efast um að orðið einelti hafi einu sinni verið til á þessum ár- um,“ segir hann alvarlegur.

„Þetta hljómar kannski þannig að maður bíði þess ekki bætur að hafa hitt þessa krakka, en þetta var alls ekki þannig. En að sama skapi var þetta okkar skóli þarna í sveitinni og við höfðum ekki val um annað en að sækja hann, rétt eins og með hverfisskólana í þéttbýli. Sumir þessara krakka voru með dóm á sér og biðu þess að verða sextán ára til að afplána dóma. Þau höfðu kannski verið í innbrotum, eiturlyfjaneyslu eða öðru þess háttar. Það var mjög algengt. Þau voru þarna í Reykja- nesinu bæði með og gegn eigin vilja. Þetta var bara þannig,“ segir Guðbrandur, sem ítrekar að krakkarnir sjálfir hafi að öllu leyti verið gott fólk. „Ég veit líka um að minnsta kosti eitt hjónaband sem varð til á þessum árum og stendur enn traustum fótum. Það urðu fleiri sambönd til upp úr þessu líka, eins og gengur og gerist,“ segir hann. „Hins vegar veit ég líka um marga sem lentu á glapstigu með misnotkun áfengis og eiturlyfja með misal- varlegum afleiðingum,“ segir hann.

## Undarleg aðferðafræði

Guðbrandur segist hafa hugsað mikið um aðstæðurnar í Reykja- nesi í seinni tíð, en hann hafi ekki lagt neinn dóm á það á sínum tíma. „Fyrir okkur voru þetta bara krakkar, jafnaldrar okkar, hvorki slæmir né góðir. Það var enginn dómur á það lagður og það var ekki okkar að dæma. Við hugsuð- um ekkert um þetta þá, en eftir á, sem fullorðinn maður fór maður að hugsa meira um þetta,“ segir Guðbrandur.

„Ég hugsa meira um þessa aðferð félagsmálayfirvalda, að nota heimavistarskólann sem ein- hverja vistunarstofnun. Hvers átt- um við að gjalda sem komum þarna úr sveitinni í okkar skóla? Af hverju var þessu ekki bara lokað miklu, miklu fyrr í stað þess að vera nota þetta sem eitt- hvað upptökuheimili? Vanda- málið fyrir sunnan var auðvitað að úrræðin voru ekki fleiri eða önnur ekki til. Með því að senda krakkana á Reykjanes voru þau laus við þetta úr bænnum og það var friður á meðan - rétt eins og krakkarnir séu sendir inn í her- bergi á meðan fullorðna fólkið talar saman inni í stofu. Það virtist vera aðferðafræðin á bak við þetta,“ segir Guðbrandur.

„Það skal tekið fram að starfs- fólkið sem réðst þangað til starfa var yfirleitt gott fólk og ég ber því góða sögu og á góðar minn- ingar. Leiðbeinendur voru sumir hverjir líka mjög ungir, kannski bara nítján ára, nánast á sama aldri og krakkarnir,“ segir Guðbrandur frá. Honum er jafnframt kunnugt um samneyti kennara og nemenda. „Ég veit af því. Hvort að það hafi verið gegn vilja einhverja ætla ég ekki að leggja dóm á, það er í höndum þeirra einstaklinga að greina frá því,“ segir hann alvarlegur.

## Var bannað að umgang- ast „félagsmálapakknið“

Guðbrandur segist eftir á að hyggja kannski skulda samnem- endum sínum í Reykjanesi afsök- unarbeiðni. „Mér finnst það, svona þegar ég hugsa um þetta eftir á. Hvers vegna? Ég áttáði mig ekki á því þá, skildi það ekki og réði ekki ferðinni sem barn og unglingur... Mér var allt að því bannað að hafa mikil samskipti við þessa krakka. Þau þóttu víst „annars flokks“ fólk og virðu- legur prestsonur átti náttúrulega ekki að eiga í samskiptum við félagsmálastofnunarfólk,“ segir Guðbrandur frá og hristir höfuðið.

„Kröfurnar að heiman voru þær að ganga menntavegin og verða virðulegur lögfræðingur, prestur eða læknir eða þess háttar. Ég átti ekki að tengjast svona „félagsmálapakki“, eins og það var orðað þá, vinaböndum til ævi- loka. Þannig að í raun var ég mik- ill einfari. Ef gamlir samnem-



endur mínir lesa þetta skilja þeir alveg hvað ég er að tala um, enda var ég stundum kallaður „félags- skítur“. Ég hélt mig svolítið til hlés og tók lítinn þátt í félagslífi. Ég átti erfitt með þetta og leið illa með þetta,“ segir Guðbrandur.

„Mér var meinað að tala við þessa krakka og samneytið var frekar lítið. Það var af þessum ástæðum. Sem fullorðinn maður hugsa ég auðvitað allt öðruvísi. Ég var kannski ekki ábyrgur sem fjórtán ára barn, en nú verð ég að taka á mig ábyrgðina. Það var alls ekki það að ég væri svo merkilegur með mig að ég vildi ekki tala við þau, sem ég veit að mörgum hefur sárnað. Mér var bara bannað það. Í mínum huga voru þetta bara krakkar eins og ég, ekkert „félagsmálapakk“, og auðvitað langaði mig að sinna minni félagsþörf, rétt eins og aðrir krakkar,“ segir Guðbrandur, sem segir stimpilinn „prestssonur“ hafa haft mikil áhrif á sig.

## Fann fyrir miklum kröfum

„Hann hamlaði mér, já, mikil ósköp. Og er algjörlega tilbún- ingur fullorðins fólks, sem kom því svo inn hjá mér að það skipti einhverju máli að ég væri prests- sonur. Það er svo sannarlega ekki eitthvað sem tólf eða þrettán ára gamalt barn finnur upp hjá sjálfu sér,“ segir hann og þagnar um stund. „Þetta er svolítið hvasst, ég geri mér grein fyrir því, en ég vil láta þetta fara frá mér. Mér finnst þetta gott tækifæri til þess að leiðrétta fortíðina dálítið. Í raun ætti ég á nemendamóti eða einhverju slíku að hafa kjark til þess að biðjast afsökunar á þessu og taka ábyrgð á þessu, þó að ábyrgðin sé í raun ekki mín. Það er það sem mig langar til að gera og ætti að gera. Það væri gott,“

segir Guðbrandur.

Hann segist hafa fundið fyrir því að meiri kröfur væru gerðar til hans en annarra, eingöngu vegna þeirrar staðreyndar að hann væri sonur prests. „Bæði af fjölskyldunni og samfélaginu öllu. Það var ekki fyrr en ég var orðinn þrítugur að ég áttáði mig á því. Fólk álitur, af einhverjum ástæðum sem ég veit ekki hverjar eru, að prestar séu einhvern veg- inn öðruvísi, æðri og meiri mann- eskjur, og prestssynir þá líka. Það er ekki eitthvað sem ég bý til og ég myndi alls ekki vilja hafa það þannig, en fólk lítur svona á þetta. Ég gerði mér enga grein fyrir þessu sem ungur maður og hegðaði mér þess vegna ekki í samræmi við það,“ segir Guðbrandur.

Blaðamaður spyr hvort það hafi ekki verið af hinu góða, að væntingarnar hafi ekki hamlað honum meira í lífinu en raun ber vitni. „Jú, ef til vill,“ segir Guðbrandur. „Vírusvörnin virkaði greinilega,“ bætir hann við og brosir.

„En þetta spilaði kannski líka inn í félagsfélunina hjá mér. Ég kunni ekkert að höndla þetta hlut- verk. En hvernig höndlar fólk lífshlutverkið svo sem? Það er ekkert bundið við mig frekar en aðra að eiga erfitt með það,“ segir hann og hlær við.

## Heimahagarnir kölluðu

Eftir um 25 ára búsetu í Reyk- javík snéri Guðbrandur heim til Ísafjarðar fyrir ári síðan þegar honum bauðst starf í Faktors- húsinu, sem hann rekur í dag. „Mig var farið að langa aftur vestur, að hafa hér atvinnu og setjast hér að,“ segir hann. „Hér er gott fólk, ég þekki nánast alla og allir vita hver ég er og allt það. Það er gott að vera á Ísafirði, mér líkar vel hér og líður vel.

Kannski er það líka aldurinn, ég veit það ekki, en það togar einhvern veginn í mann að koma aftur á bernskuslóðir og setjast þar að - römm er sú taug að ranni dregur, og allt það,“ segir Guðbrandur og brosir.

„Þessi vinna mín í gamla Fakt- orshúsinu er líka afskaplega in- dæl og kann ég eigendum húss- ins, Áslaugu Jóhönnu Jensdóttur og Magnúsi Alfredssyni, bestu þakki fyrir elskulegt viðmót við mig. Þetta er þægilegt umhverfi og það hentar mér afskaplega vel að vera í þjónustustörfum og elda mat. Það er mitt áhugasvið og ég hef unnið við það meira og minna síðastliðin tuttugu ár,“ segir Guðbrandur frá, en hann rak til að mynda Hótel Reykja- nes, í gamla skólanum sínum, árin 2007-2008. „Gamli barna- skólinn kenndi mér þá loksins þá lexú í lífinu, sem ég þurfti á að halda, að segja Nei,“ segir Guðbrandur og kímur.

Foreldrar Guðbrands búa enn í Vatnsfirði og ein systir hans, Ragnheiður, býr og starfar á Ísa- firði. Þá er einkasonur hans, Stef- án, sömuleiðis að koma sér fyrir á Ísafirði. „Hann er nítján ára gamall, og móðir hans er Anna Njálisdóttir frá Suður Bár á Snæ- fellssnesi, yndisleg manneskja. Við höfum alla tíð haldið fínu sambandi. Strákurinn er nýfluttur hingað með unnustu sinni, sem er einmitt héðan. Honum bauðst vinna hérna og vildi líka vera nálægt pabba sínum. Ungu parið er að mynda sér heimili, búið að leigja sér íbúð og lífið er svona að byrja. Mitt hlutverk er núna að vera til staðar og hjálpa til ef þarf,“ segir hann og brosir.

Hvað einkalífið varðar segist Guðbrandur hafa verið einhleypur lengi. „Ég á ekki nema eina sambúð að baki með Vilborgu Auðunsdóttur, stúlku sem er dótt- ir Auðuns Björnssonar bókbind- ara í Reykjavík. Hún stóð í þrjú og hálf ár, en það var fyrir tvítugt,“ segir hann og hikar. „Þetta heitir víst að hlusta á raddir sam- félagsins, að láta móta sig inn í eitthvað form,“ bætir hann svo við og kímur. „Það vill gerast í lífinu.“

Með hækkandi sól aukast auðvitað umsvifin í Faktorshúsi eins og annarri ferðaþjónustu á svæðinu og Guðbrandur kann Ís- firðingum bestu þakki fyrir við- tökurnar. „Þeir eru allir ævinlega velkomnir í Faktorshúsið!“ segir hann og brosir.

En er engin von til þess að hann dusti rykið af föðunar- penslunum? Guðbrandur hlær. „Það tístir í þér! Jú, það væri svo sem virkilega gaman og ég er með töskurnar og allt með mér. Mér gæti svo sem alveg dottið það í hug. Penslarnir eru að minn- sta kosti til ennþá og þetta blund- ar í drengnum,“ segir hann að lokum og blíkkar.

– Sunna Dís Másdóttir.

# Þvingunaraðgerðir hefðu átt að hefjast fyrr

Sorpbrennslustöðin Funi hafði frá árinu 2005 ekki uppfyllt öll skilyrði starfsleyfis, t.d. fóru losunarmælingar ekki fram árin 2006 og 2008. „Þær mælingar sem gerðar voru gáfu til kynna að stöðin ætti í verulegum erfiðleikum með að halda sig innan losunarmarkna. Þá lágu fyrir niðurstöður díoxínsmælinga frá árinu 2007 sem gáfu til kynna að mengun væri hugsanlega meiri en ásættanlegt væri. Þvingunaraðgerðir Umhverfisstofnunar hefðu því átt að hefjast fyrr en raunin varð,“ segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmdregluna um sorpbrennslustöðvar hér á landi og eftirlit með starfsemi þeirra. Ekki var send tilkynning til Funa um að stofnunin áformaði að áminna stöðina fyrr en í mars árið 2010. Stöðin var síðan áminnt í maí sama ár.

„Funi sinnti kröfum Umhverfisstofnunar í engu og hætti starfsemi í desember 2010. Ærin ástæða hefði verið fyrir Umhverfisstofnun að beita Funa dagsektum og jafnvel stöðva reksturinn þar sem rekstraraðilar gerðu ekki umbeðnar úrbætur. Ekki verður annað séð en að stofnunin hafi litið svo á að hagsmunir rekstraraðila skyldu vega þungt í ákvörðunum hennar og aðgerðum,“ segir í skýrslunni.

„Umhverfisstofnun beitti ekki þvingunarráðum þrátt fyrir ítrekuð brot sorpbrennslustöðva á starfsleyfum og reglugerðum. Þá virðast heilbrigðiseftirlit sveit-

arfélaga einnig hafa dregið taum stöðvanna. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða vegna endurnýjunar á starfsleyfi Funa frá janúar 2002 má sjá þessa afstöðu. Þar kemur m.a. fram að viðbótarmælingar séu íþyngjandi fyrir rekstraraðila, áreiðanleiki losunarmælinga Iðntæknistofnunar er dreginn í efa og vitnað er til meðalhófsreglu stjórnsýslulaga í umfjöllun um að kröfur í tillögu að starfsleyfi séu of miklar.“

Þá hafi hagsmunir rekstraraðila sorpbrennslu (sveitarfélaga) einnig vegið þegar umhverfisyfirvöld ákváðu að sækja um aðlögun að brennslutílskipun ESB.

„Ekki var metið hvaða áhættu aðlögunin hefði í för með sér vegna aukinnar mengunar fyrir umhverfi og mannlíf í nágunda við þær stöðvar sem myndu starfa á grundvelli hennar. Engar mælingar á díoxíni lágu til grundvallar fullyrðingum um að mengun væri óveruleg. Engin eiginleg kostnaðargreining var unnin vegna þess kostnaðarauka sem sagt var að rekstraraðilar yrðu fyrir við að uppfylla tílskipunina. Ekki var unnin kostnaðar- og ábatagreining til að meta hvaða kostir væru ákjósanlegastir í úrgangsmálum fyrir landið í heild til framtíðar litið. Þá höfðu umhverfisyfirvöld ekkert frumkvæði að því að kynna niðurstöður díoxínsmælinga sem gerðar voru árið 2007 fyrir íbúum viðkomandi sveitarfélaga eða almenningi al-



Umhverfissjónarmið og almannahagsmunir komu furðu lítið við sögu bæði þegar sótt var um aðlögun vegna sorpbrennslu og þegar kom að því að fylgja skilyrðum hennar eftir, að mati Ríkisendurskoðunar.

mennt. Loks komu umhverfissjónarmið og almannahagsmunir furðu lítið við sögu bæði þegar sótt var um aðlögun og þegar kom að því að fylgja skilyrðum hennar eftir,“ segir í skýrslunni.

Þar segir að styrkleiki díoxíns í útblæstri frá Funa var mun lægri en hjá hinum tveimur stöðvum sem gerðu díoxínsmælingar árið 2007. Hann var engu að síður vel yfir viðmiðunarmörkum tílskipunar ESB um brennslu úrgangs. Nú hefur komið í ljós að nánasta umhverfi sorpbrennslunnar hefur orðið fyrir mikilli díoxínmengun. Núna á vormánuðum var öllum

bústofni í Efri-Engidal fargað vegna hennar, einkum vegna sölubanns Matvælastofnunar á afurðunum. „Þetta vekur upp spurningar um hvort staðsetning sorpbrennslu hafi afgerandi áhrif á magn mengunar í næsta umhverfi þeirra en Funi stóð í þröngum firði. Þá er mögulegt að veðurfarsleg skilyrði hafi hér einnig áhrif,“ segir í skýrslunni.

Hins vegar megi ljóst vera að mengun sem berst aðallega á haf út í stað þess að dreifast mest yfir nærumhverfið, eins og talið er að eigi við um brennsluna í Vestmannaeyjum, sé ekki síður

skaðleg fyrir lífríkið þótt hún berist yfir stærra svæði og birtingarmyndin verði önnur. Mælingar og rannsóknir Umhverfisstofnunar og fleiri aðila, s.s. Matvælastofnunar, á díoxínmengun og umfangi hennar árið 2011, munu væntanlega m.a. varpa skýrara ljósi á þessi atriði. Á grundvelli þeirra verður t.d. hugsanlega hægt að leggja mat á hvort æskilegt sé að koma sorpbrennslu fyrir á einum til tveimur völdum stöðum á landinu innan afgirta svæða til að koma í veg fyrir umgang manna og dýra í næsta umhverfi þeirra.

## Díoxínmengun kom „verulega á óvart“

Ríkisendurskoðun telur að umhverfisráðuneytið hafi ekki framfylgt skilyrðum undanþágu sem Ísland fékk frá tílskipun Evrópusambandsins um brennslu úrgangs með nægilega markvissum hætti. Móta þurfi heildarstefnu um förgun úrgangs hér á landi. Þá sé brýnt að Umhverfisstofnun beiti þeim lagaheimildum sem hún hefur til að tryggja að sorpbrennslustöðvar fari að settum reglum. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar þar sem fjallað er um framkvæmd regluna um sorpbrennslustöðvar hér á landi og

eftirlit með starfsemi þeirra. Þar segir að þær sorpbrennslustöðvar sem undanþágan taki til hafi ítrekað brotið gegn ákvæðum reglugerða sem um þær gildi og byggj m.a. á tílskipunum ESB. Umhverfisstofnun hafi krafist stöðvarnar um úrbætur en ekki lagt dagsektir á þær eða svipt þær starfsleyfum, eins og hún geti gert að vissum skilyrðum uppfylltum.

Í skýrslunni segir að sveitarfélög landsins beri ábyrgð á meðhöndlun úrgangs í sínum byggðarlögum og þar með að videigandi lögum og reglugerðum sé framfylgt. Sveitarfélög eru hinir

eiginlegu rekstraraðilar sorpbrennslu. Þegar stjórnvöld unnu að því að Ísland fengi aðlögun að tílskipun Evrópusambandsins vó það sjónarmið þungt að kostnaður sveitarfélaga við að uppfylla tílskipunina yrði þeim ofviða vegna smæðar sorpbrennslustöðvanna.

Þau sveitarfélög sem aðlögun fyrir sorpbrennslur náði upphaflega til voru Ísafjörður, Tálknafjörður, Örafasvegur, Kirkjubæjarklaustur, Vestmannaeyjar, Patreksfjörður og Suðurnes. Sorpbrennslan á Patreksfirði hóf aldrei starfsemi, stöðin á Tálknafirði hætti fljótlega og ný stöð,

sem uppfyllti ákvæði tílskipunarinnar, var opnuð á Suðurnesjum í ársbyrjun 2004. Sorpbrennslustöðin á Ísafirði hætti starfsemi í desember síðastliðnum. Í maí 2011 eru sorpbrennslurnar á Kirkjubæjarklaustri, Svínafelli og í Vestmannaeyjum því einu starfandi sorpbrennslur landsins sem falla undir aðlögunina. Sorpbrennslur eru almennt taldar nauðsynlegar í einhverjum mæli, ekki síst til að eyða sjúkrahúsúrgangi og sýktum dýraúrgangi.

Í skýrslunni kemur jafnframt fram, að í umsögn Umhverfisstofnunar segi að mat sérfræðings hennar árið 2010 á árslosun

díoxíns fyrir árið 2008 hafi verið í samræmi við væntingar stofnunarinnar. Samkvæmt því mati var áætlað að heildarlosun væri 87 mg á ári frá Funa, 20 mg á ári frá hvorri stöð á Svínafelli og Kirkjubæjarklaustri og 338 mg á ári frá stöðinni í Vestmannaeyjum, sem er raunar töluvert yfir 100 mg viðmiðunarmörkum reglugerðarinnar frá 2008. Fram kemur að díoxínmengun í mjólk frá Efri-Engidal haustið 2010 hafi komið stofnuninni verulega á óvart enda ekki í samræmi við þær ályktanir sem hún hafði dregið fram að því.



# Sextugur yfirlæknir

Þorsteinn Jóhannesson, yfirlæknir Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og fyrrum bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ, varð sextugur þann 11. maí síðastliðinn. Af því tilefni hélt hann afmælisfagnað í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á

laugardag. Fjölmenni lagði leið sína í gleðskapinn og samfagnaði Þorsteini og fjölskyldu. Gestir komu víða að, bæði skyldmenni afmælisbarnsins, vinir og samstarfsfólk. Þorsteinn er mikill söngmaður og var tónlistin í

hávegum í veislunni. Karla-kórinn Ernir söng honum til heiðurs auk þess sem kórfélagar sungu með Þuríði, dóttur Þorsteins, afmælis-sönginn. Ljósmyndari blaðsins kom við í hófinu og tók þar meðfylgjandi myndir.





Börn og starfsfólk Bakkaskjólsvorur voru ekki sátt við að segja skilið við skólann.

# Leikskólanum Bakkaskjólsvorur lokað

Leikskólanum Bakkaskjólsvorur í Hnífsdal var lokað í síðustu viku. „Það er svo sem ekkert hægt að segja við þessu en við hörmum það mjög og sjáum mikið eftir leikskólanum,“ segir Sigríður Kristjánsdóttir, formaður íbúasamtakanna í Hnífsdal, er hún var innt eftir viðbrögðum íbúa. Ákveðið var að loka Bakkaskjólsvorur í ljósi fækkunar barna í Ísafjarðarbæ og þess að leikskólarnir Eyrarskjól og Sólborg anna þörf allra barna 18 mánaða og eldri sem sótt er um leikskólapláss fyrir í Hnífsdal og á Ísafirði.

„Þetta lýsir ákveðinni framtíðarsýn bæjarins að það muni ekki fjölga börnum, sem segir manni ýmislegt. Þetta lýsir stöðu sveitarfélagsins, sem er að það er mjög þröngt í búu, það verður að horfast í augu við það,“ segir Sigríður ennfremur. Aðspurð segir hún að töluvert sé rætt um þetta meðal íbúa. „Við erum að sjálfsögðu ekki ánægð, þetta er mjög leiðinlegt.“

Bakkaskjólsvorur fagnar 30 ára afmæli í ár en skólanum var komið á kopp fyrir tilstuðlan kvenna í Hnífsdal, sem höfðu þá trú að eftir sameiningu Ísafjarðar og Hnífsdals árið 1971 yrðu Hnífsdælingar látnir sitja á hakanum með leikskóla. Kvenfélagið Hvöt



Leikskólanum Bakkaskjólsvorur í Hnífsdal var lokað í síðustu viku.

átti peningasjóð og var ákveðið að verja honum í leikskólabyggingu. Síðan hófust konurnar handa við að safna meira fé. Bæjarsjóður Ísafjarðar lagði einnig til fé, lóð fyrir reksturinn og

vinnuframlag. Ríkið lagði til þann prósentuhluta sem því bar og þar að auki lögðu Hraðfrystihúsið hf. í Hnífsdal, Mjölvinnsalan hf., Lionsklúbbur Ísafjarðar og fleiri fram rausnarlegar pen-

ingagjafir til framkvæmdanna sem hófust vorið 1979, á alþjóðaári barnsins.

Kvenfélagið Hvöt afhenti síðan bæjarsjóði Ísafjarðar fullbyggt leikskólalúsið í september 1981. Í

upphafi var pláss fyrir 40 börn hálfan daginn, þ.e. 20 börn í senn fyrir og eftir hádegi.

Börnin voru á aldrinum tveggja til sex ára.

– thelma@bb.is

## Áframhaldandi samstarf

Íslandsbanki hefur endurnýjað samning við KFÍ og heldur því áfram að vera einn af stærstu styrktaraðilum félagsins.

„Íslandsbanki hefur verið ötull stuðningsaðili KFÍ í gegnum árin og hefur samstarfið gengið einkar vel. Íslandsbanki hefur alltaf lagt áherslu á að félagið standi sig í þjálfun yngri flokka og er enginn breyting þar á nú,“ segir á KFÍ-vefnum

## smáar

Til leigu er nýuppgerð íbúð með fjórum svefnherbergjum. Uppl. gefur Bernharð í síma 848 0938.

Óska eftir að kaupa ódýra og notaða vacuum pökkunarvél. Uppl. í síma 869 4849.

Óska eftir ódýrum bíl á verðbilinu 50-100 þús. Verður að vera skoðaður. Uppl. í síma 456 6602 eða 866 6387.



### SPEGLAR

Framleiðum spegla eftir málum.

www.samverk.is  
samverk@samverk.is



# Lakari steinbítisvertíð

„Steinbítisvertíðin í ár er lakari en í fyrra og hún er allt öðruvísi. Hún byrjaði að vísu með látum en síðan hefur veiðin einkennst af miklu blettafiskirí,“ sagði Hjalti Þorkelsson í samtali við Fiskifréttil, en Hjalti er skipstjóri á bolvíska línubátunum Hrólf Einarssyni ÍS á móti Ólafi Jens Daðasyni. Hjalti segir að þeir hafi byrjað steinbítisveiðarnar af fullum krafti seinni hlutann í febrúar. Aðallega hefðu þeir haldið sig út af Skálavíkinni fyrir utan Deild en einnig hefðu þeir farið nokkra róðra norður fyrir Horn. Aðeins hefði verið tekin ein lögn út af sunnanverðum Vestfjörðum.

Fram kom hjá Hjalta að blettirnir gæfu ágætan afla en það

gæti tekið tíma að finna þá. Hins vegar væri hægt að leggja á þessum blettum í langan tíma eftir að þeir væru fundnir. Ekki væri mikil ferð á steinbítunum en hann færði sig þó smám saman ofar og skrði stundum alveg upp í fjöru. Hjalti sagði að þeir hefðu gert þokkalega róðra síðustu dagana og verið með 5-7 tonn í róðri eða í kringum 200 kíló á balann. Heildaraflí Hrólf Einarssonar ÍS í mars var 138 tonn og aflinn stefndi í 100 tonn í apríl þegar rétt var við Hjalta í síðustu viku. Aflinn er nær eingöngu steinbítur. Í lok síðustu viku voru þeir komnir með rúm 200 tonn af steinbít á vertíðinni.

Hjalti sagði að greinilega væri minna af steinbít á hefðbundinni

veiðislóð en var í fyrra. Hann var spurður hver skýringin gæti verið á því. „Staða tunglsins gagnvart jörðinni síðustu mánuði var með þeim hætti að straumarnir voru miklu meiri en oftast áður á þessum tíma. Ég tel að það hafi haft áhrif, steinbíturinn er ekki mikill sundfiskur eins og menn vita. Þá er of mikið veitt af steinbít í Flákanum í Breiðafirði þar sem hann hrygnir. Trollveiðar á hrygningslóð eru of miklar. Loks má nefna að hlýnandi sjór hefur áhrif. Steinbíturinn vill vera í kaldari sjó. Margir þættir geta því spilað inn í það að minna sjáist nú af steinbít en áður,“ sagði Hjalti, sem hefur róðið í ýmsum veðrum til að sækja aflann.

„Veiðrið hefur verið slæmt og mikill vindur. Við leggjum ekki á okkur langt ferðalag í 10-15 metrum á sekúndu á þessum bátum. Það er í lagi að vera í slíku veðri hér rétt fyrir utan. Að vísu lentum við í 7-8 vindstigum norður af Horni einn daginn. Við lögðum línuna í 4-5 vindstigum því spáð hafði verið að vindinn lægði. Hann hvessti hins vegar og við urðum að draga línuna í 7 vindstigum og fengum 5-6 tonn,“ sagði Hjalti. Hann bætti því við að aflinn fyrir norðan Horn hefði yfirleitt verið ágætur. Mest fengu þeir tæp 14 tonn í einni legu á 32 bala. Í annarri legu fengu þeir tæp 10 tonn og í enn annarri 7,5 tonn.

– kte@bb.is

# Kjarasamningar og kvóti

Stakkur skrifar >

Nú er verið að gera kjarasamninga og vissulega eru launþegar orðnir langeygir eftir því að fá kjör sín bætt. Gengi krónunnar er lágt og það kemur fram á þann hátt að kostnaður við að lifa á Íslandi hækkar stöðugt og breytir engu þar um hversu oft fólk er sagt að allt sé nú á réttri leið. Til þess að laun hækki og sú hækkun verði gild, ef svo má að orði komast, verður að vera innistæða fyrir henni. Er atvinnulífið búið undir að taka á sig nauðsynlegar launahækkningar? Vonandi er það svo. Enn eru of mörg tekin á lofti um það að svo verði ekki og óvissan bíði. Íslendingar hafa slæma reynslu af víxlhækkunum launa og verðlags. Sú reynsla er of mörgum gleymd og það kann að reynast hættulegt til lengri tíma lítið. Það vekur athygli að mikil umræða á sér stað um framtíðarskipulag stjórnunar fiskveiða á Íslandi.

Ásakanir LÍÚ eru harðar í garð ríkisstjórnar og svör hennar ekki nægilega skýr. Gæta þarf vel að því að sjávarútvegur fái þrifist og fjármagn leiti ekki úr landi. Íslendingar munu líkast til deila endalást um stjórn fiskveiða og hvernig núverandi kvótakerfi hefur gefist. Ekki má gleyma því að stöðugleiki verður að ríkja í umhverfi þar sem fjárfestingar eru gríðarlega miklar og sérhæfing sömuleiðis. Sú þekking sem safnast hefur innan útgerðar á Íslandi er dýrmæt og hana á að nýta til þess að breyta kerfinu. Það verður ekki betur gert við skrifborð í ráðuneytum þó þar sitji og vinni þrýðisfólk, oft með

mikla menntun úr háskólum og sterkar skoðanir á því hvernig þjóðfélagið ætti að vera, einkum öðru vísi en það er nú. Sjávarútvegur skiptir afar miklu fyrir hag íslensks þjóðarbús og fara verður af fullri gát þegar breytingar verða gerðar. Ekkert kerfi er fullkomið og öllu má breyta, en það verður að vera til hins betra. Við eigum að nýta þekkingu og reynslu þeirra sem kunna og geta.

Fyrir þremur áratugum var stjórn fiskveiða með þeim hætti að eina takmörkunin að auðlindinni var sú að eiga skip, en til að takmarka skipaflotann þurfti leyfi til að endurnýja skip. Þannig urðu gamlir ryðkláfar og ónýtt tréskip sjálfstætt verðmæti. Sá sem vildi kaupa nýtt skip varð að geta skilað öðru eða öðrum jafn stórum í stað hins nýja. Ekki verður með góðu móti séð að það hafi verið góð lausn. En eigendur ónýtra skipa gátu orðið ríkir.

Auðlindir Íslendinga á að nýta með þjóðarhag í huga. Því verður ekki breytt að margir hafa auðgast á því unnt er að finna galla í stjórnkerfinu. Þannig seldu margir kvótann sem þeir höfðu ráðstöfunarrétt á. Þeir urðu ríkir og oft taldist það ekki sanngjarnt. En fleiri hafa orðið ríkir á síðustu árum og það af því að hafa nýtt sér galla í eftirlitskerfi með bankastarfsemi. Þá er brýnt að læra loks að byltingar stjórn- og eftirlitskerfis færa okkur almúganum ekki hærri laun. Þau koma aðeins vegna verðmætasköpunar. Hana vantar.



# Hagnaður af rekstri Orkubúsins

Hagnaður var af venjubundnum rekstri Orkubús Vestfjarða ohf á síðasta ári. Afkoman varð þó heldur lakari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rekstraráætlun ársins gerði ráð fyrir rekstrarhagnaði að upphæð 300,5 milljónir króna. Samkvæmt rekstrarreikningi varð hagnaður af venjubundnum rekstri fyrir skatta, sem nam um 240,4 milljónum, en þegar tekið er tillit til breytinga á tekjuskattsprósentu og bókfærðum tekjuskatti 2009 er hagnaður ársins um 208,3 milljónir. Afskriftir námu alls 222,3 milljónum. Eignir OV í árslok 2008 voru alls 5.637 milljónir og heildarskuldur alls 742 milljónir. Eigið fé nam því alls 4.895 milljónum, sem er um 86,8% af heildarfjármagni.

Þetta kom fram á aðalfundi Orkubúsins á dögunum. „Orkubú Vestfjarða aflar sér raforku á samkeppnismarkaði og dreifir henni um eitt erfiðasta dreifisvæði landsins. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður er raforkuverð á Vestfjörðum, verðið að meðtöldum flutnings- og dreifingarkostnaði, eitt hið lægsta í landinu. Engu að síður er orkukostnaður heimila og fyrirtækja hærri á Vestfjörðum en víðast annars staðar á landinu, þrátt fyrir lágt rafmagnsverð,

og er ástæðan sú að Vestfirðingar hafa ekki aðgang að ódýrari orkugjöfum en rafmagni til húshitunar. Það er mikilvægt að þessi búsetumismunur verði jöfnuð og meira fé renni til niðurgreiðslna á húshitunarkostnaði þar sem ekki er að finna ódýra orkugjafa til húshitunar,“ segir í tilkynningu.

Þar er bent á að talsvert kostnaðarsamara er að dreifa raforkunni í dreifbýli en í þéttbýli og greiða íbúar í dreifbýli töluvert hærri verð fyrir dreifingu raforkunnar þrátt fyrir niðurgreiðslur úr ríkissjóði. „Það er réttlætismál að þessar niðurgreiðslur verði auknar þannig að raforkuverð verði það sama í þéttbýli og dreifbýli.“

Á árinu 2009 voru teknar ákvarðanir um virkjunarframkvæmdir og endurnýjun í Mjólkárkirkjun á árunum 2010 og 2011. „Gert er ráð fyrir að kostnaður verði um 1.000 mkr. og stefnir Orkubúinn að því að fjármagna þær með fé frá rekstri á næstu þremur árum, þannig að ekki þurfi að taka langtímalán þeirra vegna. Þetta hefur gengið eftir og var ný 1,2 MW virkjun, Mjólká III, tekin í notkun í lok síðasta árs,“ segir í tilkynningu.



Höfuðstöðvar Orkubús Vestfjarða á Ísafirði.

Á árinu 2010 var 647 milljónum króna varið til fjárfestinga, þar af voru tengigjöld og vinna greidd af öðrum 44,6 milljónir. Allar fjárfestingar voru kostaðar af eigin fé fyrirtækisins eða greiddar af þeim sem þeirra ósk-uðu.

Í stjórn Orkubús Vestfjarða ohf. voru kjörin: Viðar Helgason, Reykjavík, Eyrún Ingibjörg Sig-

þórsdóttir, Tálknafirði, Kolbrún Sverrisdóttir, Ísafirði, Viktoría Rán Ólafsdóttir, Hólmavík, og Árni Brynjólfsson, Öndarfirði. Nýkjörin stjórn kom síðan saman til fundar og skipti með sér verk-


um. Viðar Helgason var kjörinn formaður stjórnar, Kolbrún Sverrisdóttir varaformaður stjórnar og Viktoría Rán Ólafsdóttir ritari stjórnar.

– thelma@bb.is

## Dýrfiskur ehf. slátrar vegna þörungablóma

Svokallaður þörungablómi í Dýrafirði hefur valdið nokkru tjóni hjá eldisfyrirtækinu Dýrfiski ehf. á Þingeyri að undanförmu. Starfsmenn hafa slátrað um 33 tonnum af regnbogasilungi úr sjókvíunum við Þingeyri vegna þörunganna. „Við gripum til þessa ráðs til að auka rýmið í kvíunum. Þörungablóminn sest í tálkn fiskisins og veldur súrefnisskortri en með auknu rými eykst jafnframt súrefnið í kvínni,“ segir Brynjar Gunnarsson, sjómaður og starfsmaður Dýrfisks. „Þetta lítur hins vegar miklu betur út núna. Við erum hættir að slátra og bindum vonir við að þetta sé yfirstaðið.“

Þörungablómi er afar hröð fjölgun svifþörunga í sjó eða vatni. Samkvæmt Wikipedia er venjulega um að ræða eina tegund þörunga sem fjölgar sér gífurlega og veldur því að sjórinn breytir um lit. Í þörungablóma geta verið milljónir fruma í millilítra. Þörungablómi getur valdið miklu tjóni í kvíaeldi vegna þess



Stefnt er að því að slátra um 200 tonnum af silungi hjá Dýrfiski ehf. í haust. Ljósmynd: visir.is.

að það verður súrefnisskortur í sjónum á nóttunni þegar þörungarnir nota súrefni til öndunar. Einnig þverr súrefnið við rotnun þörunganna þegar þeir deyja.

Brynjar segir að þrátt fyrir þetta hafi eldið gengið vel. „Það geta alltaf riðið yfir áföll í þessum geira en við höfum sloppið nokk-

uð vel hingað til. Fiskurinn vex vel enda skilyrðin góð hérna í Dýrafirði. Ef allt gengur að óskum í sumar reiknum við með að slátra um 200 tonnum í haust. Þá ætti fiskurinn að vera kominn í æskilega stærð og orðinn um og yfir fjögur kíló að þyngd,“ segir Brynjar.

– kte@bb.is

## Ársfundur Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 2011

Ársfundur Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 2011 verður haldinn á Hótel Ísafirði miðvikudaginn 25. maí n.k. kl. 18.00.

### Dagskrá fundarins

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur ársins 2010
3. Tryggingafræðileg úttekt
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
6. Tillögur til breytinga á réttindum
7. Kosning stjórnar
8. Ákvörðun launa stjórnarmanna
9. Önnur mál löglega uppborin

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundi með málfelsi og tillögurétti. Sjóðfélagar eru hvattir til að nýta sér rétt sinn og mæta á ársfund sjóðsins, en eru beðnir að staðfesta þátttöku sína við skrifstofu sjóðsins í síðasta lagi 24. maí 2011.

Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Sérstakt fulltrúaráð að jöfnu skipað fulltrúum stéttarféлага og samtaka atvinnurekanda sem að sjóðnum standa fer með atkvæði á ársfundinum.

F.h. Stjórnar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga  
Guðrún Guðmannsdóttir

LÍFEYRISSJÓÐUR  
VESTFIRÐINGA



## Ritz-kex kjúklingur og kókosbolluréttur

Sælkeri vikunnar býður upp á ljúffengan kjúklingarétt með mango chutney og ritzkex-mulningi. Einnig býður hún svo upp á sætan og góðan eftirrétt þar sem kókosbollur og ávextir eru í aðalhlutverki.

### Ritzkex kjúklingaréttur

1 poki spínat  
4 kjúklingabringur skornar niður  
1 krukki fetaostur  
1 krukka mango shutney (mér finnst ósætt best)

1 pk Ritz kex

Spínat sett í eldfast mót, fetaosturinn yfir og smá af olfunni. Kjúklingurinn steiktur í olfu og mango shutney hellt yfir látið krauma smá síðan sett yfir spínatið. Ritz kex mulið yfir og sett inn í ofn þar til kexið er orðið gullið. Borið fram með hrísgrjónum og salati.

### Kókosbollueftirréttur

1 brúnn marengsbotn, mulinn niður í skál.

1/2 lítri þeyttur rjómi hrærður saman við  
4 kókosbollur brytjaðar niður og hrærðar saman við þetta er sett í mót eða skálar  
2 bakkar jarðaber bláber, vínber

Skorið niður í bita og sett yfir. Kæla í ísskáp þar til þetta er borðað.

Ég skora á tengdamóður mína, Ragnheiði Jóhannsdóttur að vera næsti sælkeri vikunnar.



## Grafík fagnar afmæli í mynd, máli og tónum

Í ár eru 30 ár liðin frá því að Rafn Ragnar Jónsson trommu-leikari, Rúnar Þórisson gítarleikari og Örn Jónsson fóru að gera tilraunir með tónlist sem þeir hljóðrituðu upp á TEAC átta rása teki í félagsheimilinu í Hnífsdal.

Þetta var upphafið að ferli einnar vinsælustu hljóm sveitar nýunda áratugarins, hljóm sveitarinnar Grafík. Aðdáendur sveitarinnar geta hugsað sér gott til glóðarinnar því ýmislegt er bígerð hjá henni á afmælisárinu. Þar ber hæst gerð heimildamyndar um feril sveitarinnar og er hún nú í vinnslu. Auk hennar er fyrirhuguð endurútgáfa á eldri lögum á safnplötu ásamt nokkrum nýjum lögum sem verður í heildarpakknum.

Rúnar Þórisson er gítarleikari Grafíkur og hefur gegnt því hlutverki frá upphafi. Hann segir gerð myndarinnar eiga sér nokkuð langan aðdraganda.

„Árið 2004 átti Rabbi frumkvæðið að því að skipuleggja tónleika í tilefni 20 ára útgáfufarmælis plötunnar Get ég tekið séns. Skömmu áður en tónleik-

arnir voru haldnir lést hann hins vegar úr veikindum sínum. Það var eindreginn vilji vina og aðstandanda Rabba að tónleikarnir yrðu haldnir og við spiludum tvo tónleika á Ísafirði og svo í Austurbæ í borginni. Hugmynd Rabba var sú að tónleikarnir yrðu teknir upp, bæði hljóð og mynd, og gefnir út á DVD-disk. Sem og við gerðum,“ segir Rúnar. Hljóm sveitin hefur svo setið á upptökunum en nú er útgáfa loks í farvatninu.

„Við ákváðum svo að gefa þetta ekki út eingöngu sem tónleikamyndband heldur vinna samhlíða heimildamynd um feril hljóm sveitarinnar með skírskotun í tónleikana 2004 sem og tónleika t.d. á Menningarnótt í fyrra og Aldrei fór ég suður nú um páskana,“ segir Rúnar, og bætir því við að upp á síðkastið hafi þeir grafið upp eldra efni um hljóm sveitina, gamlar úrklippur, tónlistarmyndbönd við helstu slagarana og gömul viðtöl sem t.d. eru til í safni Sjóvarpsins.

„Þá höfum við tekið nokkur viðtöl við fólk sem hefur orðið á

vegi hljóm sveitarinnar í gegnum árin og eigum eftir að gera eitt-hvað meira af því. Ég vil endilega koma því á framfæri við Vestfirðinga hvort heldur aðdáendur sveitarinnar eða aðra sem kunna að eiga í förum sínum myndir, blaðaúrklippur eða hvað eina sem tengist hljóm sveitarárunum á Ísafirði, jafnvel skemmtilegar minningar eða sögur, að þeir gauki því að okkur. Þeir geta t.d. sent mér tölvupóst á ru@ismennt.is.“

Rúnar og félagar hafa fengið valinkunna menn til liðs við sig við gerð myndarinnar. „Myndatökuna annast ljósmyndarinn og kvikmyndagerðarmaðurinn Bjarni Grímsson og ritstjóri er Jónatan Garðarsson. Þá mun Sena væntanlega koma að útgáfunni með einhverjum hætti.“

Myndin fer í áframhaldandi vinnslu í sumar og og ætlar Rúnar að verkið vinnist vel. Hins vegar liggur útgáfudagurinn ekki endanlega fyrir. „Við ætlum að klára þetta á þessu ári. Þetta er afmælisútgáfa þannig það kemur ekki til greina að seinka þessu. Stefnan er því að frumsýna á haustmán-

uðum, a.m.k. fyrir jól.“

Eins og áður sagði er heimildamyndin ekki það eina sem er á döfinni á afmælisárinu. „Samhlíða frumsýningu myndarinnar er svo hugmyndin að gefa út safndisk með vinsælustu lögum

Grafíkur og auk þess ætlum við að taka upp tvö eða þrjú ný lög sem einnig verða á disknum. Þannig mun afmælisþakinn innihalda tónleika- og heimildamynd, safndisk og nokkur ný lög,“ segir Rúnar Þórisson.



**TOP N+ ... betra gler**  
Gasfyllt gler, aukin einangrun.

Glerverksmiðjan Samverk ehf  
Eyjasandi 2, 850 Hella  
sími: 488-9000 • fax: 488-9001  
www.samverk.is • samverk@samverk.is



Söluumboð ÍSAGA:  
Próstur  
Marzellíusson  
Ísafirði

Próstur Marzellíusson  
hf. s. 456 3349

## AGA GAS ER ÖRUGGT VAL HEIMA OG Í FRÍINU

Þú getur verið afslappaður og öruggur við grillið með AGA gas. Öruggur um að þú ert að nota gæðavöru og að þú fái góða þjónustu þegar þú þarft áfyllingu á gashylkið, hvort sem þú nýtir þér heimsendingarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu eða þegar þú heimsækir söluaðila AGA. Sem stærsti söluaðili própangass á norðurlöndunum býður AGA upp á margar stærðir og gerðir gashylkja. Sérfræðingar AGA geta veitt þér góð ráð um hvaða hylki hentar best miðað við aðstæður og hvernig best er að meðhöndla própangas.

Farðu á [www.gas.is](http://www.gas.is) og finndu nálægan sölustað eða sæktu öryggisleiðbeiningar og fáðu upplýsingar um AGA gas.

ÍSAGA ehf. • [www.gas.is](http://www.gas.is)  
Breiðhöfða 11 • 110 Reykjavík • Sími 5773000

Söluaðilar ÍSAGA ehf. á höfuðborgarsvæðinu:  
ÍSAGA: Breiðhöfða 11 og Eyrartröð 8, Hafnarfirði - Verslanir BYKO

Umboðsmenn ÍSAGA ehf á landsbyggðinni:

Selfoss: Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548. Vestmannaeyjar: Neta- og karaverkstæði Nethamars, s. 481 3226. Sauðárkrúkur: Byggingarvörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626. Reyðarfjörður: Landflutningar-Samskip, s. 458 8840. Ísafjörður: Próstur Marzellíusson hf, s. 456 3349. Akureyri: Sandblástur og málmhúðun hf, s. 460 1515.